

UPPSETNING Á YLEININGUM

1. Undirbúningur:

- Þakflötur mældur upp. Grunnlína snúruð og önnur lína hornrétt á hana. (ath. reglu um réttihyrnda þríhyrninga t.d. 3-4-5, 6-8-10).
- Fyrsta eining sem á að nota er tekin úr bretti og sett á bókka þannig að báurnar snúi upp. Yfirborð bókka þarf að vera stétt og hreint þannig að neðri brún einingar rispist ekki. Einingin vegur um 15 kg metrin þannig að lengstu einingarnar, 12m, vege um 150 kg og eru því 2-4 manna fótt.
- Veggflötur er mældur upp. Lárétt lína er tekin fyrir neðstu brún eininga, merkt upp á burðarvirki. Liggjandi veggeiningum er ræðað neðan frá og upp. Fylgjast skal með því að langskeyti falli sem best að innanverðu og að þéttlistar gægist hvergi út.

2. Vinna við einingu fyrir hífingu:

- Illmod borðar eru límdir á einingu. Annar borðinn er límdur á falsið á neðra byrðinu. Hinn borðinn er límdur undir hábáruna á efra byrðinu þannig að hann lendi á til þess gerðu úrtaki í sköruninni. Einnig er hægt að líma borðann ofan á hábáru fyrir plötunnar, í fyrrgreint úrtak, en þá er meiri hætt á að skörunarbára efri einingarinnar rekist í listann og hann verði fyrir hnaski.
- Ef um er að ræða enda að mæni þá þarf að beygja upp lágþáruna með til þess gerðu klaufjárn.
- Klippa þarf af yfirlöppun sbr. skýringarmyndir til hliðar.

3. Undirbúningur á burðarvirki fyrir hífingu.

- Innri áfellum er komið fyrir. Um er að ræða slétt vinkla við þakbrúnir og gafla og slétt renninga á samskeytlangband ef þannig háttar. Ef langband er í mæni þá kemur áfella á það annars draghnoðast innri kjölur eftir, þá þarf að setja áfella ofaná burðarramma. Kíttistaurur komi á allar innri áfellur sem eining sest á.

Árðandi er að kíttistaurur sé nógu þykkur til að fylla alveg á milli einingar og áfella.

ATH. Láréttir bitar yfir og undir gluggum/hurðum eru staðsettir eftir ásetningu veggeininga.

4. Hífing á einingu.

- Hífingarklemmur eru settar á eininguna. Staðsetning þeirra þarf að taka mið af langböndum og þakhalli. Alltaf eru notaðar tvær klemmur. Tvö augu eru á klemmunum fyrir lása eða bönd, annarsvegar fyrir þakhífingar, hinsvegar fyrir vegghífingar. Kranakeðjum(-stroffum) er krækt í klemmur. Gott er að setja bönd í a.m.k. aðra klemmuna til að halda við eininguna í hífingunni.
- Einingin er hífð upp og staðsett skv. útmælingu í lið 1. og fest tryggilega.
- Næstu einingar eru hífðar á sinn stað eftir undirbúning skv. lið 2. Gott er að tylla einingu með einni sknúfu í neðsta langband.
- Lagðar eru út 4-6 einingar eftir því sem henta þykir m.f.t. mál lína hússins.

5. Afrétting á einingum.

- **Mikilvægt er að pressa einingarnar í sama mál í báða enda.**
- Hver eining klæðir 1000 - 1003 mm.
- Viðbúid er að pressa þurfi einingar í þaki um 10 - 20 mm. (þ.e.a.s í hverju 4-6 eininga setti) Þegar pressað er þarf að losa um sknúfur sem notaðar voru til að tylla einingunum að neðan. Þessu næst eru einingar fullsknúfaðar og næstu 4-6 einingar settar niður á sama hátt og að framan er lýst.
- Vanda skal til sknúfunar þannig að ekki dældist undan sknúfu/skinnu

Mikilvægt er að verklysingu sé fylgt eftir þannig að árangur verði sem bestur.

Til fróðleiks:


Vandandi mönnun verksins er algengt að 2-3 menn séu niðri og 3-4 í uppsetningu eininga, fleiri í stórum verkum. Toppár í sknúfvélar eru 10 mm eða 3/8".

Tafla sýnir mismunandi borstærðir fyrir þá stálþykkt sem borð er í

Stálþykkt	Borstærð	Skrúfur
1,0 - 2,0 mm	∅ 4,00 mm	A
2,1 - 3,0 mm	∅ 5,05 mm	A
3,1 - 3,9 mm	∅ 5,05 mm	BZ
4,0 - 8,0 mm	∅ 5,65 mm	BZ
8,1 - 15,0 mm	∅ 5,80 mm	BZ
+ 15,0 mm	∅ 5,95 mm	BZ


Við mæni/þakglugga

Klippa þarf úr yfirlöppun meðfram illmod borða og 100 mm niðureftir einingu. Þetta er einungis gert við mæni og þakglugga til að báruþéttlisti nái að þétta (tengjast illmod).



Við þversamskeyti á þaki/veggjum - þar sem við á


Klippa þarf af yfirstáli á einingu alveg upp að frauði til að einingamar nái að falla rétt saman á samskeytum. Þetta á einungis við þar sem einingar yfirappast.



Lausholt í límrésgrind við glugga og hurðir **skal staðsetja eftir að yleiningar hafa verið settar upp.**
Ætíð skal miða við hábáru á einingu.
Sjá sémyndir.

ALMENNAR SKÝRINGAR

ST-107 DV YLEININGAR Á ÞAK



- 1 0,6 mm STÁLPLÖTUR, GALVANISERADAR OG GRUNNMÁLADAR Á BÄÐUM HLIÐUM. ÚTHLIÐ STÁLPLÖTU ER AUK ÞESS HÚÐUÐ MEÐ 0,2 mm PLASTISOLFILMU (PVC).
- 2 PIR-EINANGRUN, SJÁLFSLÖKKANDI OG ILLTENDRANLEG KÖLNUNARTALA FYRIR ENINGU 0,29 W/m² °C

Litur	Úti	Inni
ÞAK	Hvítur (RAL 9010)	Hvítur (RAL 9010)

Númeraðar skýringar fyrir deili ná til þeirra efnispátta sem **Límré Virnet ehf.** leggur til nema að annað sé tekið fram.



0 í MARS 2007

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
Eh. Sigurbjartur Halldórsson